

# 180. aðalráðstefna

## Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Vegna trúar yðar

Öldungur Jeffrey R. Holland  
í Tólfpostulasveitinni

Monson forseti, kirkjan um heim allan syngur þennan stórkostlega sálm með þessum dásamlega kór, og segir: „Vorn spámann vér þökkum þér, Drottinn.“ Þakka þér fyrir líf þitt, fyrir fordæmi þitt og fyrir þennan móttökuboðskap á nýrri aðalráðstefnu kirkjunnar. Við elskum þig, við dáum þig og við styðjum þig. Vissulega munum við á síðdegishlutanum í dag fá formlegra tækifæri til að rétta upp hendur okkar til stuðnings, ekki aðeins við Monson forseta, heldur einnig við alla aðalembættismenn kirkjunnar. Þar eð nafn mitt verður þar á meðal, langar mig til að gerast svo frakkur að þakka fyrir hönd okkar allra fyrir uppréttar hendur ykkar. Ekki einn einasti okkar gæti þjónað án bæna ykkar og stuðnings. Hollusta ykkar er okkur meira virði en orð fá nokkru sinni lýst.

Í þeim anda er boðskapur minn í dag sá, að við styðjum ykkur, að við sendum ykkur samskonar hjartanlegar bænir og samskonar kærleiksorð. Við vitum öll að ráðandi embættismönnum kirkjunnar eru veittir sérstakir lyklar, sáttmálar og ábyrgð, en við vitum einnig að kirkjan hlýtur óviðjafnanlegan styrk, sannlega einstæðan lífskraft, frá trú og trúfestu *hvers einasta* meðlims þessarar kirkju, hver sem hann kann að vera. Í hvaða landi sem þið búíð, hversu ung og vanhæf ykkur finnst þið vera, eða hversu öldruð eða takmörkuð þið virðist, þá vitna ég að Guð elskar ykkur, hvert og eitt, þið eruð kjarninn í verki hans, þið eruð dýrmæt yfirembættismönnum kirkju hans og þeir biðja fyrir ykkur. Persónulegt gildi, heilagur ljómi *sérhvers* ykkar, er sjálf ástæðan fyrir því að til er sáluhjálparáætlun og upphafning. Andstætt nútíma málvenjum er þetta um ykkur. Nei, ekki snúa þér að nágranna þínum. Ég er að tala til þín!

Ég hef baslað við að finna viðeigandi leið til að segja ykkur hve Guð elskar ykkur og hve þakklát við hér á pallinum erum fyrir ykkur. Ég er að reyna að tjá, fyrir sjálfa engla himinsins, þakklæti til ykkar fyrir allt það góða sem þið hafið gert, fyrir hvert gott orð sem þið hafið nokkru sinni sagt, fyrir hverja fórn sem þið hafið nokkru sinni fært til að veita einhverjum – hverjum sem er – fegurð og blessanir fagnaðarerindis Jesú Krist.

Ég er þakklátur leiðtogum Stúlknafélagsins sem fara í útilegur með stúlkunum, án hársápu, sturtu eða snyrtivara, og breyta reykyfylltum vitnisburðafundi við varðeldinn í eina þá mest hrífandi reynslu stúlkna – eða leiðtoganna – sem þær munu eiga á lífsleiðinni. Ég er þakklátur fyrir *allar* konur kirkjunnar, sem í mínu lífi hafa verið sterkar sem fjall Sinaí og umhyggjusamar sem fjall sæluboðanna. Við brosum stundum að sögum systra okkar – þið vitið – grænu Jell-o, kviltteppi og jarðarfararkartöflum. En fjölskylda mín hefir öðru hverju verið þakklátur þiggjandi slíks – og einu sinni þakklát fyrir kviltteppi og jarðarfararkartöflur á einum og sama degi. Það var aðeins lítið kviltteppi – í raun örsmátt – til að gera ferð látins ungbarns, bróður míns, eins hlýja og þægilega og Líknarfélagssystur okkar vildu að hún yrði. Við tókum þakklát á móti matnum sem fjölskylda okkar var veitt, sjálfviljugt, án nokkurrar bóna af okkar hálfu. Brosið, ef þið viljið, að siðum okkar, en einhvern veginn eru konurnar í kirkjunni, oftast óbeðnar, alltaf til staðar þar sem armar eru máttvana og knén veikbyggð.<sup>1</sup> Þær virðast grípa ósjálfrátt

guðleikann í yfirlýsingu Krists: „Það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér.“<sup>2</sup>

Og ekki eru bræðurnir í prestdæminu síðri. Mér kemur til dæmis í hug leiðtogar piltanna okkar sem, eftir veðri eða landi, fara annað hvort í fleiri tuga kílómetra langa göngu eða skríða inn í jökulhella og eiga – og reyna í raun að sofa – þær nætur sem hljóta að vera þær lengstu í upplifun mannsins. Ég er þakklátur fyrir minningarnar um minn eigin háprestaflókk, sem fyrir nokkrum árum skiptist í nokkrar vikur á að sofa í litlum hægindastól í svefnherbergi deyjandi meðlims sveitarinnar, svo að öldruð og veikburða eiginkona hans gæti fengið einhvern svefn þessar síðustu vikur ástvinar síns. Ég er þakklátur fyrir lið kennara kirkjunnar, embættismenn, leiðbeinendur og ritara, fyrir utan þá sem ævinlega eru að setja upp borðin og taka niður stólana. Ég er þakklátur fyrir vígða patriárka, tónlistarfólk, ættfræðinga og aldurnigin hjón sem halda til musterisins klukkan 5:00 að morgni með litla tösku, sem er næstum núna orðin stærri en þau sjálf. Ég er þakklátur fyrir óeigingjarna foreldra sem – kannski alla ævi – annast sjúkt barn, stundum með fleiri en einn vanda, og stundum fleiri en eitt barn. Ég er þakklátur fyrir börn sem sameinast síðar á ævinni um að endurgjalda veikum eða öldruðu foreldrum.

Og þakklátur nærri fullkominni eldri systur sem sagði nýlega næstum afsakandi: „Ég hef aldrei verið leiðtogi einhvers í kirkjunni. Ég held ég hafi bara aðstoðað.“ Kæra systir, Guð blessi þig og allt „aðstoðarfólkið“ í ríkinu.“ Sum okkar, sem *erum* leiðtogar, vonumst eftir að öðlast einhvern tíma þá stöðu frammi fyrir Guði sem þið hafið þegar öðlast.

Of oft hef ég vanrækt í lífi mínu að láta í ljós þakklæti fyrir trú og góðmennsku slíks fólks. James E. Faust forseti stóð í þessum ræðustól fyrir 13 árum og sagði: „Sem lítill drengur ... man ég eftir ömmu minni ... sem eldaði ljúffengar máltíðir á heitri viðarkolaeldavél. Þegar eldiviðarkassinn næstur vélinni tæmdist, fór amma hljóðlega út til að fylla hann af viði úr sedrusviðarstafla sem þar var, og bar þungan og hlaðinn kassann aftur inn í húsið. Ég var svo hugsunarlaus ... [að] ég sat þar og lét kæra ömmu mína fylla [þennan] kassa.“ Síðan sagði hann, með klökkri og tilfinningaþrunginni röddu: „Ég skammast mín og hef iðrast vanrækslu minnar alla ævi. Ég vona að einhvern tíma geti ég beðið hana fyrirgefningar.“<sup>3</sup>

Ef maður, sem mér fannst jafn fullkominn og Faust forseti var, getur viðurkennt æskuglöp, get ég í það minnsta gert svipað og sýnt sjálfur síðbúinn virðingarvott í dag.

Þegar ég var kallaður til trúboðspjónustu fyrir óralöngu síðan, var ekki um neina jöfnun á trúboðskostnaði að ræða. Hver og einn þurfti að bera fullan kostnað af því trúboði sem hann eða hún var send til. Á sumum trúboðssvæðunum var mikil dýrtíð, og mitt svæði var eitt þeirra.

Líkt og við hvetjum trúboða nú til að gera, hafði ég sparað fé og selt persónulegar eigur til að greiða eftir bestu getu upphald mitt. Ég *taldi* mig hafa nægilegt fé, en var ekki viss um hvernig yrði síðustu mánuðina í trúboði mínu. Með þær efasemdir í huga yfirgef ég engu að síður fjölskyldu mína alsæll fyrir þá stórkostlegustu reynslu sem nokkur getur öðlast. Ég naut trúboðs míns og er viss um að enginn ungur maður hefur notið þess meira, hvorki fyrr eða síðar.

Síðan sneri ég aftur heim rétt um það bil sem foreldrar mínir voru sjálfir kallaðir til trúboðspjónustu. Hvað gat ég nú gert? Hvernig í veröldinni átti ég að greiða námskostnað? Hvernig gat ég mögulega greitt fyrir húsnæði og fæði? Og hvernig gat ég

gert draum minn að veruleika, að giftast hinni hrífandi og fullkomnu Patriciu Terry? Ég get vel viðurkennt að ég var vondaufur og óttasleginn.

Hikandi fór ég í bankann á staðnum og spurði bankastjórnann, fjölskylduvinnu, hve mikið væri eftir á reikningi mínum. Hann leit undrandi á mig og sagði: „En, Jeff, það er *allt* á reikningi þínum. Sögðu þau þér það ekki? Foreldrar þínir vildu gera það litla sem þau gætu til að hjálpa þér af stað þegar þú kæmir heim. Þau tóku ekki út eitt sent á meðan þú varst í trúboði. Ég hélt að þú vissir það.“

En ég vissi það ekki. Það sem ég veit er að faðir minn, sjálflærður endurskoðandi, „bókhalda“ eins og það nefndist í litla bænum okkar, með mjög fáa viðskiptavinum, klæddist sennilega aldrei nýjum jakkafötum eða nýrri skyrtu eða nýjum skóm í tvö ár, svo að sonur hans gæti fengið allt þetta í trúboði sínu. Ennfremur, sem ég vissi ekki en fregnaði síðar, hafði móðir mín sem aldrei hafði unnið utan heimilisins í hjónabandi sínu, farið að vinna í stórverslun á staðnum, til að greiða útgjöldin af trúboði mínu. Ekki eitt einasta orð um þetta barst mér í trúboði mínu. Ekki minnst á það einu einasta orði. Hve margir feður í kirkjunni hafa gert nákvæmlega það sama og faðir minn? Og hve margar mæður, á þessum fjárhagslega erfiðu tímum, gera enn það sem móðir mín gerði?

Það eru 34 ár síðan faðir minn dó, og því verð ég, eins og Faust forseti, að bíða með að geta fullþakkað honum hinumegin hulunnar. En ljúf móðir mín, sem verður 95 ára í næstu viku, er sem betur fer að horfa á útsendinguna heima hjá sér í St. George í dag, svo að ekki er of seint að þakka henni. Ykkur, mamma og pabbi, og öllum mömmum og þöbbum og fjölskyldum og trúföstu fólki alls staðar, færi ég þakki fyrir fórn ykkar vegna barna ykkar (og barna annarra), fyrir að þrá svo heitt að þau njóti góðs af því sem þið fenguð aldrei, fyrir að þrá svo heitt að gefa þeim það hamingjuríkasta líf sem þið gátuð veitt þeim. Þakki mínar til ykkar allra, yndislegu þegnar kirkjunnar – og fjölda góðs fólks utan okkar trúar – fyrir að sanna dag hvern í lífi ykkar að hin hreina ást Krists „fellur aldrei úr gildi.“<sup>4</sup> Ekkert ykkar er ómerkilegt, að nokkru vegna þess að þið gerið fagnaðarerindi Jesú Krists að því sem það er – lífandi minnisvarða um náð hans og miskunn, einstaka en máttuga staðfestingu í smábæjum og stórborgum um það góða sem hann gerði og lífið sem hann fórnaði til þess að færa öðrum frið og sálhjálp. Okkur er það ólýsanlegur heiður að teljast ykkar á meðal við svo helgan málstað.

Ég segi í dag, eins og Jesús sagði við Nefítana: „Blessuð eruð þér vegna trúar yðar ... nú er gleði mín algjör. Og þegar hann hafði mælt þessi orð, grét hann.“<sup>5</sup>

Bræður og systur, er ég sé fordæmi ykkar heiti ég á ný ásetningi mínum að verða betri, að verða trúfastari – vingjarnlegri og dyggari, kærleiksríkari og sannari, líkt og faðir okkar á himni er og líkt og svo mörg ykkar þegar eru. Þess bið ég í nafni hinnar miklu fyrirmyndar í öllu – já, í nafni Jesú Krists, amen.

## HEIMILDIR

1. Sjá Hebr 12:12; K&S 81:5.

2. Matt 25:40.

3. James E. Faust, „The Weightier Matters of the Law: Judgment, Mercy, and Faith,“ *Ensign*, nóv. 1997, 59.

4. 1 Kor 13:8; sjá einnig Moró 7:46–47.

5. 3 Ne 17:20–21.